

Reykjavík, 15. maí 2022.

Ég heiti Gunnar Þór Ásgeirsson og er í framboði til Kirkjuþings.

Ég er 54 ára að aldri, ólst uppi efst í Breiðholti en hef búið í 101 Reykjavík frá 2001.

Ég útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og hlaut löggildingu til endurskoðunar árið 1996. Starfa í dag sem rekstrarráðgjafi, sem og við endurskoðun og aðra ráðgjöf.

Árið 2015 tók ég sæti í Sókarnefnd Dómkirkjunnar og hef starfað þar síðan og er nú gjaldkeri sókarnefndar. Þá hef ég verið í Launanefnd Þjóðkirkjunnar frá árinu 2020.

Ástæða þess að ég býð mig fram til Kirkjuþings er í raun tvíþætt. Annars vegar hef ég metnað til að gott starf kirkjunnar megi eflast og blómstra í sóknum landsins til heilla fyrir samfélagið og fólkið í landinu.

Hins vegar tel ég að með breytingum sem er verið að innleiða á skipulagi Þjóðkirkjunnar, þar sem rekstur og fjármál hennar falla undir Kirkjuþing, tel ég að ég muni vel nýtast á þeim vettvangi með minn bakgrunn og reynslu.

Í þeim víðtæku breytingum sem eiga sér stað í dag í samfélaginu og kirkjunni er mikilvægt að gæta þess að forgangsröðun sókna og stofnana kirkjunnar sé umfram allt í þágu boðunar og ræktunar kristinnar trúar og síðar.

Með kveðju

Gunnar Þór